

1928

Föstudaginn 7. október 1994.

Nr. 414/1994.

Rannsóknarlögregla ríkisins

gegn

Guðjóni Björgvin Guðmundssyni

(Kristján Stefánsson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald fellt úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 1. október 1994, sem barst réttinum 5. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Í kröfugerð sóknaraðila fyrir héraðsdómi var gerð grein fyrir því, að varnaraðili hefði verið handtekinn 29. september sl. vegna grunar um aðild að þjófnaði, þjófnaðartilraun og innbrotum í samtals 22 verslanir, veitingahús, skrifstofuhúsnæði og fleiri fyrirtæki í Reykjavík aðfaranótt þess dags.

Varnaraðili var 27. maí sl. dæmdur í átta mánaða fangelsi, þar af fimm mánuði skilorðsbundið, fyrir brot gegn 244. gr. og 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ákæra í því máli varðaði aðallega 19 innbrot og þjófnaði varnaraðila á tímabilinu desember 1993 til mars 1994. Samkvæmt vottorði Fangelsismálastofnunar ríkisins hefur varnaraðili ekki hafið afplánun refsíðómsins.

Rökstuddur grunur er um aðild varnaraðila að framangreindum innbrotum aðfaranótt 29. september sl. Krafa sóknaraðila um gæsluvarðhald er þó einvörðungu byggð á c-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Rannsókn máls þessa varðar ferðir varnaraðila eina tilgreinda nótt í september, og hefur sóknaraðili ekki gert grein fyrir, að til meðferðar séu önnur mál á hendur honum. Eru liðnir um fjór-

ir mánuðir, frá því að gæsluvarðhaldi í tengslum við fyrri brotahrinu varnaraðila lauk. Samkvæmt framansögðu og þegar litið er til sakaferils varnaraðila, þykir ekki nægilegt tilefni til gæsluvarðhalds hans á grundvelli c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Verður hinn kærði úrskurður því felldur úr gildi.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 29. september 1994.

Ár 1994, fimmtudaginn 29. september, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem haldið er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Ingveldi Einarsdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Guðjóni Björgvin Guðmundssyni, kt. 070875-4389, Kambaseli 17, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til sunnudagsins 13. nóvember 1994 kl. 16.00 vegna brota gegn 244. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Í morgun var kærði handtekinn ásamt Ragnari Jónssyni vegna grunar um fjölda innbrota í fyrirtæki í Reykjavík í nótt og í morgun. Við yfirheyrslur hjá RLR í dag og einnig fyrir dómi neitaði kærði aðild að öllum innbrotum.

Í skýrslu, sem tekin var af Ragnari Jónssyni hjá lögreglu í dag, kvað Ragnar Guðjón og Erik Tómas Jónsson hafa verið með sér í innbrotum sl. nótt og að þeir hefðu sums staðar komist yfir peninga, en í flestum tilvikum verið um lágar fjárhæðir að ræða.

Í skýrslu fyrir lögreglu í dag kvað Erik Tómas Jónsson sig hafa brotist inn í mörg fyrirtæki í Reykjavík í nótt sem leið ásamt þeim Guðjóni B. Guðmundssyni og Ragnari Jónssyni.

Kærði sat í gæsluvarðhaldi á grundvelli a- og c-liðar 103. gr. laga nr. 19/1991 frá 27. mars sl. til 11. maí.

Prátt fyrir neitun kærða á sakargiftum þykir vera rökstuddur grunur um, að hann hafi átt aðild að þeim innbrotum og þjófnaðarbrotum, sem tilgreind eru í kröfugerð Rannsóknarlögreglu ríkisins. Þá hefur kærði margsinnis verið talinn uppvís að hegningarlagabrotum, og sakaferill hans er langur miðað við ungan aldur hans.

Með hliðsjón af ofangreindu, rannsóknargögnum málsins og vísan til c-

1930

liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 er fallist á kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins, eins og hún er fram sett.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Guðjón Björgvin Guðmundsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til sunnudagsins 13. nóvember 1994 kl. 16.00
